

3. gr.

90

Sölubúðir skulu lokaðar alla helgidaga, sumardaginn fyrsta, 20. maí, 17. júní, 1. desember og 1. maí. 17. ágúst

4. gr.

Á lokunartíma sölubúða samkvæmt framansögðu er óheimilt að selja á strætum eða torgum nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja nauðsynjar til skipa á lokunartíma, en þó aðeins fyrir lokuðum dyrum.

5. gr.

Menn sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er, þó ekki lengur en í hálf tíma.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. ágúst 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

91

um fjallskil í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu. 22. ágúst

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu er eitt fjallskilafélag, og teljast lönd allra jarða í hreppnum innan fjallskilasvæðisins.

2. gr.

Sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefir á hendi yfirstjórn allra mála fjallskilafélagsins samkvæmt sveitarstjórnarlögum frá 31. maí 1927, en hreppsnefnd Kelduneshrepps hefir að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd fjallskilamála.

II. KAFLI

Um notkun upprekstrarlanda.

3. gr.

Allt land á fjallskilasvæðinu telst til afréttar, nema afgirt land, og til fjallskila nema ræktað land.

4. gr.

Hreppsnefnd Kelduneshrepps skal semja skrá yfir allar leitir á afréttinum og takmörk þeirra og færa hana í fjallskilabók hreppsins. Þar skal og rita allar ákvarðanir, sem gerðar eru viðkomandi fjallskilum hreppsins, og getur sýslunefnd ávallt krafizt afrits úr bók þessari.

5. gr.

Heimilt er að nota til upprekstrar fyrir sauðfé heiðarland allt, á fjallskilasvæðinu, sem ekki er afgirt, en hvorki engjar né heimalönd.

6. gr.

Allir þeir, sem eiga fé á afrétti fjallskilafélagsins, eru skyldir til að greiða hagatoll fyrir sitt fé, 7 auro fyrir hverja kind.

Nú gengur fé að sumrinu milli afrétta fjallskilafélagsins og nærliggjandi hreppa. Á þá sá, sem fyrir áganginum verður kröfurétt á þann aðila sem féð á, um hagatoll og miðast gjaldið við tölu ágangsfjárins eins og hún reynist á haustréttum nema öðruvísi sé um samið. Undanþágu frá hagatolli má hreppsnefnd Kelduneshrepps veita eftir samþykki hreppsnefndar.

Hagatollurinn skiptist milli landeigenda í hlutfalli við stærð og gæði lands hvers eftir mati hreppsnefndar samþykktu á hreppsfundi. Hreppsnefnd annist innheimtu og skiptingu hagatollsins.

III. KAFLI

Um fjárréttir.

7. gr.

Höfðarétt og Fjallarétt skulu vera aðalréttir í fjallskilafélaginu, en aukaréttir Vikingavatnsrétt og Svinadalsrétt, og heyra þær undir Höfðarétt, enda gangi úrtíningsfé af aukaréttunum þangað og dragist upp á aðalréttinni. Afréttarlandið skal ganga til réttanna svo sem verið hefir.

8. gr.

Skyldir eru allir fjáreigendur, er sókn eiga að fjárrétt að halda henni við og byggja að nýju, ef þörf krefur. Hver fjáreigandi er skyldur til að sjá sér sjálfur fyrir nægilegu dilkrúmi á þeirri rétt eða þeim réttum, er hann á sókn

að, og halda við eða byggja sér dilk, ef þörf er á. Ákvæði þessi ná til þeirra **91** hreppa utan fjallskilafélagsins, er von eiga fjár á réttum. Hreppsnefndin hefir 22. ágúst eftirlit með byggingu og viðhaldi dilka og vald til þess að bæta úr vanrækslu fjáreigenda á þeirra kostnað.

9. gr.

Þeir bændur, sem verða fyrir sérstökum átroðningi í sambandi við göngur eða réttun, eiga kröfu á fjallskilasjóð um sanngjarnar bætur fyrir, sem ákveðnar skulu vera af tveimur óvilhóllum mönnum, er sýslunefnd tilnefnir. Slikar bætur teljast með fjallskilakostnaði.

IV. KAFLI

Um göngur og réttun.

10. gr.

Hver hreppsþúi, sem á sauðfé á afrétt hreppsins, er skyldur að gera fjallskil á þann hátt, sem hreppsnefnd ákveður, og er hver húsráðandi skyldur að inna fjallskil af höndum fyrir sín hjú. Hreppsnefnd ein hefir vald til þess að leyfa fjáreigendum utan fjallskilafélagsins upprekstur fyrir fé þeirra á afrétt hreppsins.

11. gr.

Hreppsnefnd ákveður eftir tillögum hreppsfundar, hvernig afrétt skuli skipt í leitir og um tölu gangnamanna í leit hverri svo og tölu þeirra, er senda þarf til fjárrétta utan fjallskilafélagsins. Skrá um þetta skal rita í fjallskilabók hreppsins.

12. gr.

Öll fjallskil skulu metin til dagsverka af hreppsnefnd, enda samþykki sýslunefnd matið. Hvert matið dagsverk í fjallskilum skal reiknað til tekna, þeim er innir af höndum, en fjallskilasjóði til gjalda á 8 krónur. Sýslunefnd getur breytt því mati með hliðsjón af þeim breytingum, er verða kunna á almennu kaupgjaldi.

13. gr.

Árlegum fjallskilakostnaði skal jafnað niður til greiðslu á allt það fé, sem gengur á afrétt hreppsins. Fjártala hreppsþúa skal vera samkvæmt vortíund með þeim breytingum, er hreppsnefnd veit um, þegar göngum er jafnað niður, og að viðbætti tölu lamba. Tala fjár úr hreppum utan fjallskilafélagsins skal staðfest með vottorði viðkomandi réttarstjóra og rekstrarforingja og svarar hver hreppur til allra kvaða samkvæmt reglugerð þessari á fjáreigendur innan hreppsins.

91

22. ágúst

Fjallskilagjöld skulu að því leyti, sem þau ekki eru unnin með fjallskilum, greidd að fullu í peningum fyrir lok hvers árs.

Ágreiningi út af útreikningi fjallskila má skjóta til sýslunefndar.

14. gr.

15. gr.

Óski þeir hreppar, er fé eiga á afrétt fjallskilafélagsins að fá að einhverju leyti að vinna af sér fjallskilagjald með þátttöku í göngum, er hreppsnefnd heimilt að leyfa það, þó því aðeins, að fjáreigendum innan félagsins sé ekki bægt með því frá þátttöku í göngunum.

Samninga um slíka þátttöku í göngum má gera um óákveðinn tíma, en skulu vera uppsegjanlegir fyrir báða aðila með tveggja mánaða fyrirvara.

16. gr.

Nú vanrækir einhver að gera þau fjallskil, sem á hann hafa skipzt, eða hann tekið að sér með samningi samanber 15. gr. eða leggur ógildan mann til fjallskila, þá er það gangnarof og varðar 10—30 króna sektum, er renna í fjallskilasjóð. Sé brotið ítrekað tvöfaldast sektirnar í hvert skipti, þó mega þær aldrei verða hærri en 200 krónur. Auk þess greiðir sá, er brýtur, skaðabætur, er samsvari fjallskilum þeim, er hann hefir vanrækt. Rétt er, ef við verður komið, að leitarforingi eða hreppsnefnd fái mann til að gera fjallskil í stað þess, er gangnarofið gerði, á hans kostnað, og falla þá skaðabætur niður.

Ekki er skylt að kæra fyrir gangnarof, ef forföll eða aðrar málsbætur eru fyrir hendi.

17. gr.

Fullgildan gangnamann skal álita þann, sem leitarforingi og minnst helmingur leitarmanna tekur gildan, þó aldrei yngri en 14 ára og hafi hann hest eða hund til afnota í göngunum eða hvorutveggja.

Nú verður einhver leitarmanna sannur að óhlýðni, hirðuleysi eða handvömm, sem honum sjálfum er um að kenna, skal þá svo álita sem enginn hafi verið lagður til fjallskila í það sinni, og varðar það sektum og skaðabótum sem fyrir gangnarof. Nú er leitarmaður ekki talinn fullgildur en þó ekki heim sendur, og reiknast honum þá kaup eftir mati leitarforingja og hreppsnefndar.

18. gr.

Þrenn skulu fjallskil ár hvert. Auk þess skal hreppsnefnd heimilt með samþykki sveitarmanna að skipa fyrir um fleiri fjallskil, ef þörf þykir til.

Nú kemur óveður, er gangnamenn eru af stað komnir og göngur byrjaðar, svo að þær verða að litlu gangi eða engu, og er þá komið undir álit hreppsnefndar, hvort telja skuli að göngur hafi farið fram í það sinn.

19. gr.

91

22. ágúst

Göngur skulu byrja svo snemma haust hvert, að fyrstu réttardagar verði: á Svinadalsrétt 15. september, á Fjallarétt 16. september og á Höfðarétt 17. september. Sjö dagar skulu liða milli gangna.

20. gr.

Hreppsnefnd skal birta með umburðarbréfi, er berist sem þingboð um hreppinn, nokkru á undan fjallskilum, hvað hver fjáreigandi skal leggja til fjallskilanna. Sé þar tekið fram, hvornig göngum skuli hagað í hvert skipti, tilnefndir leitarforingjar og þeir menn, sem sendir eru á aðrar fjárréttir. Hreppsnefnd skipar réttarstjóra, er hafa umsjón með réttun fjárins og sundurdrætti. Getur hann kvatt sér til aðstoðar svo marga menn, sem þarf til þess, að sundurdráttur fjárins gangi greiðlega. Óhlýðni og þrjóska gegn skipun réttarstjóra varðar sektum.

21. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur til að hafa svo marga menn á þeirri fjárrétt, sem hann á sókn að, sem með þarf, til þess að fé hans verði dregið svo greiðlega sem réttarstjóri mælir fyrir. Skal að minnsta kosti einn maður vera kominn til réttar frá hverjum fjáreiganda þá réttað er og sundurdráttur byrjar, enda má enginn reka fé frá réttinni fyrri en honum er lokið, nema réttarstjóri leyfi.

22. gr.

Leitarforingjar stjórna göngum í hverri leit með þeim aðferðum, sem hreppsnefnd samkvæmt tillögum hreppsfundar ákveður. Þeir sjá um, svo sem unnt er, að hver einstakur gangnamaður leysi hlutverk sitt vel af hendi, og að fjársöfnin séu rekin til réttar í tækan tíma. Svo hafa þeir og umsjón með geymslu fjárins, þar til réttarstjóri tekur við því. Eru gangnamenn skyldir að hlýða leitarforingja, og varðar sektum sem fyrir gangnarof ef út af er brugðið.

23. gr.

Auk þeirra gjalda, sem ræðir um í 6., 8., 10. og 13. gr. er hreppsnefnd heimilt, ef þörf krefur, að leggja allt að þriggja ára gjald á kind á allt það fé sem á hverju ári er reiknað til fjallskila og skal þetta gjald renna í fjallskilasjóð.

24. gr.

Tekjum fjallskilasjóðs má aðeins verja til að standa straum af fjallskilakostnaði, sem er auk almenns gangnakostnaðar og annars kostnaðar, samanber 8. og 9. gr., borgun fyrir aukaleitir, eftirleitir, refaeyðingu o. fl.

Hreppsnefnd gerir fyrir 15. janúar ár hvert reikning fjallskilasjóðs, samanber 25. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 31. maí 1927.

91

22. ágúst

25. gr.

Þyki einhverjum sér gerð of mikil fjallskil, hefir hann rétt til að kæra það fyrir hreppsnefnd, er leggur úrskurð á kæru hans. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar. Enginn getur með því að kæra, skotið sér undan að inna þau fjallskil af hendi, er honum voru gerð.

V. KAFLI

Um eftirleitir.

26. gr.

Þá er fjallskilum er að fullu lokið, má hreppsnefnd leyfa eftirleit á af-rétti, annaðhvort fyrir umsamda borgun eða á kostnað leitaranna sjálfra.

27. gr.

Nú finnur maður fé í eftirleit, er hann framkvæmir á eigin kostnað, og ber honum þá borgun eftir því, sem sýslunefnd ákveður eftirleitargjöldin í samræmi við verðlag á fé á hverjum tíma.

Eftirleitargjöld fyrir innanhreppsfé greiðist úr fjallskilasjóði og sömu-leiðis fyrir fé úr öðrum hreppum, ef heimild í 23. gr. um innheimtu gjalds hefir verið notuð gangvart þeim, annars greiða hreppar utan fjallskilafélags-ins eftirleitargjöld fyrir sitt fé.

Fyrir óheimt fé, er finnst við smölun fjár eftir að fjallskilum er lokið, er ekki skylt að greiða fundarlaun.

VI. KAFLI

Um fjármörk.

28. gr.

Hver maður skal auðkenna fé sitt með glöggu marki á eyrum. Rétt er og að auðkenna fé með brennimarki á hornum. Skrúði og brögð á eyrum eru auðkenni en ekki fjármörk. Yngri menn en 12 ára mega ekki taka upp fjár-mörk né nota. Enginn má eiga né nota nema eitt fjármörk.

Um markaréttindi fer sem í lögum er ákveðið. Hver fjáreigandi er skyldur að auðkenna fé sitt á vinstra horni með brennimarki: Þ1.

29. gr.

Öll fjármörk í fjallskilafélaginu skal setja í markaskrá Suður-Þingeyjar-sýslu, ef um það semst við sýslunefnd þeirrar sýslu, að öðrum kosti í sérstaka markaskrá. Markaskrá skal prenta svo oft, sem þörf þykir til, og útbýta meðal búenda í fjallskilafélaginu.

Hver búandi er skyldur að geyma markaskrá meðal þeirra heimildar-

skjala, er fylgja býli hans, og skila næsta ábúanda, er ábúandaskipti verða á 91 jörðinni.

22. ágúst

Vilji menn taka upp mörk eða nota, sem ekki standa í markaskránni, skulu þeir fá til þess leyfi markadóms Suður-Pingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu og auk þess birta þau í Lögbirtingablaðinu og senda lýsingu þeirra til hreppsnefnda í næstu sveitum.

VII. KAFLI

Um óskilafé.

30. gr.

Réttarstjóri annast um að öll ómörkuð lömb, sem koma fyrir á réttum, séu dregin í sérstakan dilk, þar sem ekki er annað fé, og mönnum gefinn kostur á að láta lambsmæður helga sér lömbin. Þeir ómerkingar, sem ekki spyrjast upp, teljast sem óskilafé. Óskilafé, sem ekki finnast eigendur að, skal hreppsnefnd hirða og senda lýsingu af í næstu sveitir. Það fé, sem óútgengið er á hausthreppamóti, seljist við uppboð af hlutaðeigandi hreppstjóra. Fé því, sem þannig er selt, skal hreppstjóri lýsa í Lögbirtingablaðinu.

Hafi enginn lýst sig eiganda að fénu áður en 6 mánuðir eru liðnir frá birtingu auglýsingarinnar, fellur verð þess í sveitarsjóð að frádregnum kostnaði.

VIII. KAFLI

Um fjárrekstra.

31. gr.

Þegar sauðfé er rekið um hérað, skal þess gætt, að rekstri hverjum fylgi nægilega margir og duglegir rekstrarmenn, svo að sem minnstur bagi verði að fyrir þá, er lönd þau eiga, sem um er rekið og í er áð. Eigi má leggja upp með slíka rekstra að morgni fyrr en markljóst er orðið og eigi halda áfram að kvöldi eftir að fer að skyggja, nema brýn nauðsyn beri til.

Allt fé í sláturfjárrekstrum skal vera merkt ákveðnum rekstrarmerkjum er séu svo glögg, að þau sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að þau máist ekki af þó votvirðri gangi. Rekstrarmönnum ber að gæta þess vandlega, að annað fé lendi ekki saman við reksturinn, en verði það, skulu þeir, þegar þeir verða þess varir, draga það fé úr rekstrinum og annast um, að það komist í átthaga sína eigendum kostnaðarlaust.

Skaða, sem hlýzt af því, að út af þessu er brugðið, ber eiganda eða umráðamanni rekstursins að greiða eiganda fjárens; en sannist, að skaðinn stafi af skeytingarleysi rekstrarmanns, skal hann auk þess sæta sektum.

91

22. ágúst

IX. KAFLI

Almenn ákvæði.

32. gr.

Sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu sker úr öllum ágreiningi út af þeim málum, er snerta fjallskilafélagið.

33. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eftir málavöxtum frá 10—200 krónum, er renni í fjallskilasjóð. Lögtaksréttur er á gjöldum samkvæmt fjallskilareglugerð þessari.

34. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögglumál.

35. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð um fjallskil í Þingeyjarsýslu vestan Jökulsár frá 11. júlí 1929 að því er Kelduneshrepp snertir.

Reglugerð þessi sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefir samið og þykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1927 staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað og gilda til jafnlengdar 1936.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. ágúst 1935.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

92

2. sept.

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað nr. 82 24. sept. 1929.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hérmeð staðfest eftirrituð

SAMÞYKKT

um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Í bæjarsjóð skal greiða 10—30 krónur, eftir nánari ákvæðum bæjarstjórnar, af öllum skemmtunum, nema fyrirlestrum og skemmtunum, er bæjarstjórn undanskilur.